

Hvammsvirkjun í Þjórsá

Greinargerð unnin fyrir U-lista í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps, í samræmi við Lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021


23. október 2024

1. Yfirlit

Áform um Hvammsvirkjun hafa nú vafað yfir samfélaginu við Þjórsá í rúm 20 ár eða frá því um síðustu aldamót. Virkjunin myndi hafa afar mikil áhrif á Þjórsá neðan Búrfells, bæði á afmörkuðum kafla hennar þar sem virkjunarsvæði Hvammsvirkjunar mun liggja, en einnig á svæði árinna neðar hennar, einkum varðandi lífríki árinna.

Laxastofninn í Þjórsá er einstakur og stendur undir stórum hluta íslenska laxastofnsins. Óafturkræf og stórfelld áhrif eru fyrrisjáanleg, án þess að ávinningurinn liggi fyrir.

Fyrirhugaður virkjanakostur, Hvammsvirkjun, er umfangsmikið inngríp í miðri sveit með með um 4 km² uppistöðulóni. Virkjunin myndi framleiða um 720 GWst/ári, með 95 MW afl í tveimur hverflum. Uppistöðulónið yrði myndað með stíflu á Þjórsá milli bæjanna Minna-Núps og Haga. Hún yrði 350 metra löng og 18 metra há, auk fleiri stíflugarða og skurða (Mynd 1, yfirlitsmynd af framkvæmdasvæði Hvammsvirkjunar). Leyfissvæði virkjunarinnar er um níu kílómetrar, en á um fjögurra kílómetra kafla neðan stíflu myndi Þjórsá þorna upp að mestu leyti með lágmarksrennsli upp á um 5% af meðalrennsli vatnsfallsins í dag.



Mynd 1 – Yfirlitsmynd af framkvæmdasvæði Hvammsvirkjunar

Samkvæmt mati U-listans benda öll gögn til þess að Hvammsvirkjun hefði í för með sér afar mikinn umhverfiskostnað, hún er óafturkræf og er virkni boðaðra mótvægisáðgerða afar óljósar og dýrar. Mikil hættu er því á að Hvammsvirkjun myndi valda verulegu tjóni eða jafnvel eyðileggingu á lífríki Þjórsár, þar á meðal bæði lax og urriða sem lifa í ánni og þverám hennar. Ljóst er að mikilvæg hrygningar- og búsvæði fiskstofna munu hverfa undir Hagalón ofan stíflu virkjunarinnar.

Hvammsvirkjun myndi hafa mikil og varanleg áhrif á stórbrotið landslag Þjórsár í byggð, sem er á heimsvísu vafalítið einn tilkomumesti farvegur jökulfljóts í landbúnaðarhéraði. Farvegur Þjórsár í byggð neðan Búrfells spannar um 70 km eða um þriðjung af heildarlengd árinna. Mikilvægi árinna á þessum kafla, bæði með tilliti til náttúrulegrar umgjarðar, vistkerfis og byggðasögu, er afar mikilvægt. Á virkjunarsvæði Hvammsvirkjunar rennur áin um Þjórsárhraunið, mesta hraunflæmi jarðar sem runnið hefur frá síðasta jökulskeiði, og flúðirnar við Ölmóðsey verða eyðilagðar (mynd 2), sem og landslagsumgjörð Viðeyjar, sem er friðlýst vegna sérstæðs lífríkis. Óljóst er hve mikil áhrif virkjunin hefur á



Mynd 2 – Flúðir við Ölmóðsey




Mynd 3 – Viðey í Þjórsá

grunnvatnsstöðu í byggð og þannig afleidd áhrif á landvistkerfi. Slíkt hefur ekki verið metið.

Viðey hefur notið náttúrulegrar verndar Þjórsár, sem hefur runnið beggja vegna hennar og haldið nánast ósnortinni af ágangi manna og dýra (mynd 3). Eyjan hýsir yfir 70 plöntutegundir, þar af tvær sem eru sjaldgæfar á landsvísu. Með virkjuninni mun Þjórsá ekki lengur vernda eyjuna og hún opnast fyrir mönnum og dýrum og vatnsstaða að líkindum lækka verulega. En slíkt mun óhjákvæmilega mun valda skaða á viðkvæmu lífríki hennar.

Umhverfismatið sem fyrir liggur í málinu er tveggja áratuga gamalt í grunninn og hefur ekki verið endurskoðað frá útgáfu þess hvað vatnalíf varðar og er því ekki áreiðanlegur grundvöllur fyrir leyfisveitingum sveitarfélagsins. Í því sambandi má til dæmis nefna þær grundvallarbreytingar sem orðið hafa á lagaumgjörð sem varðar umhverfis- og virkjunarmál, svo sem grundvallarbreytingar á raforkulöggjöfinni árið 2003, lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana 2021 fullgildingu Árósasamningsins 2011, innleiðingu laga um stjórn vatnamála 2011 ásamt innleiðingu nýrra EES-reglna árið 2021 og nýrri náttúruverndarlöggjöf árið 2015 sem og margvíslegra alþjóðlegra samninga. Listinn er langur en virðist skipta litlu.

Mótvægisáðgerðir Landsvirkjunar varðandi lífríki, einkum laxfiska, gera ráð fyrir að byggja laxastiga neðan úr farvegi Þjórsár upp í lónið en seiðafleytu við hlið fiskvegarins (mynd 4 úr deiliskipulagi fyrir Hvammsvirkjun). Seiðafleyta hefur aldrei verið notuð á Íslandi áður og liggur engin áætlun um neyðaraðgerðir fyrir, bregðist mótvægisáðgerðir. Má leiða líkum að því að mikill kostnaður við mótvægisáðgerðir myndi að lokum leiða til þess að þær yrðu látnar víkja fyrir raforkuframleiðslu virkjunarinnar af fjárhagslegum ástæðum.




Mynd 4 – Úr deiliskipulagi fyrir Hvammsvirkjun


Á öllum stigum málsins í yfir 20 ár hafa íbúar við Þjórsá, veiðifélög, náttúruverndarsamtök og annar almenningur komið athugasemdum við virkjunaráformin á framfæri við Landsvirkjun, leyfisveitendur og aðra sem hafa með málið að gera án nokkurs árangurs.

2. Saga umhverfismats Hvammsvirkjunar

Hugmyndir um virkjanir í neðri hluta Þjórsár neðan Búrfellsvirkjunar ná langt aftur á 20. öldina. Sú útfærsla sem Landsvirkjun miðar nú við, með virkjun fallsins í Þjórsá niður fyrir Urriðafoss í tveimur eða þremur orkustöðvum er nokkurra áratuga gömul en vinna við



Mynd 5a – Núpsvirkjun í einu þrepi



Mynd 5b – Núpsvirkjun í tveimur þrepum

útfærslu virkjunarkostanna af alvöru hófst á níunda og tíunda áratug 20. aldar.

Tillaga að matsáætlun fyrir Núpsvirkjun í einu eða tveimur þrepum var lögð fram árið 2001 og matsskýrsla varðandi umhverfisáhrif fyrir virkjunina árið 2003. Hinn 19. ágúst 2003 úrskurðaði Skipulagsstofnun um framkvæmdahugmyndina *Virkjun Þjórsár við Núp*, sem var allt að 150 MW. Eftir að Landsvirkjun svaraði athugasemdum féllst Skipulagsstofnun á framkvæmdina. *Núpsvirkjun* sem lögð var til mats var virkjun Þjórsár í einu eða tveimur þrepum, með einu eða tveimur uppistöðulónum, við Haga og Árnes (myndir 5 og 6, Núpsvirkjun í einu eða tveimur þrepum).

Núpsvirkjun var talin hafa neikvæð umhverfisáhrif, en Skipulagsstofnun féllst á hana með skilyrðum.

Hvammsvirkjun, sem hefur nú þegar farið tvisvar í gegnum virkjunarleyfis- og framkvæmdaleyfisferli Orkustofnunar árið 2022 og sveitarfélaga á svæðinu árið 2023 til handa Landsvirkjun, er ekki sú sem metin var í umhverfismati, heldur aðeins hluti hennar. Það er því ljóst að Hvammsvirkjun sem Landsvirkjun hefur hlotið virkjunarleyfi fyrir og hefur óskað framkvæmdaleyfis fyrir er ekki Núpsvirkjun, sem var umhverfismetin fyrir rúmum 20 árum.

Eftir að fallist var á upphaflegt umhverfismat liðu 12 ár þar til Landsvirkjun tilkynnti Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Rangárþingi ytra á fundi 8. júlí 2015 að fyrirtækið hygðist „eins fljótt og kostur [væri]“ leita eftir framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmd sem hún gaf nú heitið Hvammsvirkjun. Landsvirkjun afhenti sveitarstjórn skýrslu sem unnin var af EFLU, sem er jafnframt ráðgjafi beggja sveitarfélaganna við gerð aðalskipulags og deiliskipulags vegna Hvammsvirkjunar. Skýrslan, sem ber heitið „Hvammsvirkjun 93 MW. Rýni á mati á umhverfisáhrifum“, er dagsett 2. júlí 2015. Hún var hluti af undirbúningi og endurskoðun verkefnisins með tilliti til umhverfisáhrifa og óskaði Landsvirkjun eftir því að Skipulagsstofnun

ákvarðaði hvort hún myndi fara fram á endurskoðun matsskýrslunnar frá 2003. Skipulagsstofnun fór fram á að tilteknir þættir yrðu endurskoðaðir og var það gert á árunum 2016–2018. Umhverfismat hvað varðaði lífríki, vatnsformfræðilega og eðlisefnafræðilega þætti var ekki einn af þeim og hefur því ekki farið fram endurskoðun á umhverfisáhrifum Hvammsvirkjunar hvað vistfræði varðar í rúm 20 ár.

Það umhverfismat sem hér um ræðir og er tekið til skoðunar í ákvörðun sveitarfélagsins um veitingu framkvæmdaleyfis er því 19 ára gamalt og óendurskoðað hvað vatnalíf varðar. Ljóst er að sá þáttur úrskurðar Skipulagsstofnunar sem snýr að lífríkinu í Þjórsá hefur ekki verið formlega eða efnislega fjallað um í umhverfismati framkvæmdarinnar eftir úrskurðinn 2003.

Að því er lífríkið varðar, byggir því framkvæmdaleyfisumsókn fyrir Hvammsvirkjun á umhverfismati sem unnið var fyrir meira en tveimur áratugum, rannsóknnum gerðum á vettvangi á árinu 2001 og málsmeðferð sem lauk með ákvörðun Skipulagsstofnunar 19. ágúst 2003. Í því umhverfismati var því skilyrði umhverfismatslöggjafarinnar að lýsa grunnástandi umhverfis og lífríkis og líklegri þróun þess án framkvæmdar, á engan hátt uppfyllt. Þar fyrir utan er grunnástand vatnalífs allt annað í dag en fyrir tveimur áratugum.

Samantekið er því ljóst af ofangreindu að umhverfismatið er i) yfir 20 ára gamalt, ii) varðaði annan virkjunarkost en nú liggur fyrir í framkvæmdaleyfisumsókn Landsvirkjunar, og iii) byggir á úreltum upplýsingum um vistkerfi árinna m.a. laxfiskastofna í Þjórsá og þverám hennar.

3. Hvammsvirkjun og rammaáætlun

Aðilar í sveitastjórn sem og stjórnarsýslustofnanir hafa vísað til rammaáætlunar um nauðsyn á útgáfu leyfa fyrir virkjuninni, þ.e. að

Hvammsvirkjun hafi verið skipað í orkunýtingarflokk skv. lögum nr. 48/2011 með þingsályktun Alþingis 2015.

Ýmsir þættir þeirrar afgreiðslu benda hins vegar til þess að hún hafi ekki verið í samræmi við málsmeðferð sem áskilin er í lögum nr. 48/2011. Sá rökstuðningur sem borinn er fram að ekki verði vikið frá ákvörðunum Alþingis um nýtingu virkjanakosta í rammaáætlun fæst ekki staðist þar sem þingsályktun Alþingis felur ekki í sér ákvörðun sem bindur hendur sveitarfélaga eða stjórnarsýslustofnana svo að þeim beri að veita virkjunarleyfi eða framkvæmdaleyfi. Rammaáætlun gefur þannig alls ekki fyrirmæli um leyfisveitingar.

Ef horft er til sjálfrar rammaáætlunar og tilgangs hennar þá falla virkjanir neðan Búrfells að mati U-listans ekki undir þau meginmarkmið sem rammaáætlun grundvallast á. Í lögum um rammaáætlun, nr. 48/2011 segir um tilgang rammaáætlunar:

Markmið laga þessara er að tryggja að nýting landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti byggist á *langtímasjónarmiðum* og heildstæðu hagsmunamati þar sem tekið er tillit til verndargildis náttúru og menningarsögulegra minja, hagkvæmni og arðsemi ólíkra nýtingarkosta og annarra gilda sem varða þjóðarhag, svo og hagsmuna þeirra sem nýta þessi sömu gæði, með *sjálfbæra þróun* að leiðarljósi.

Í greinargerð með frumvarpi að lögnum stendur um þetta markmið:

Er við það miðað að litið sé til langs tíma við mat á þessum hagsmunum og að allir þessir þættir séu vegnir og metnir saman og að þannig verði stuðlað að því að hagsmunir bæði núlifandi og *komandi kynslóða* verði hafðir að leiðarljósi við ákvörðun um nýtingu landsvæða til orkuvinnslu.

Með hugtökum eins og „langtímasjónarmið“, „sjálfbærni“ og „hagsmunir komandi kynslóða“ er ljóst að ætlunin er að beina sjónum að því að ákvarðanir varðandi verndun og nýtingu náttúruauðlinda skuli teknar með langtímaviðhorf og almannahag í huga. Nú þegar hefur verið horft til hagsmuna núlifandi kynslóða

enda eru Íslendingar mesta raforkuframleiðsluþjóð jarðar miðað við íbúafjölda. Varðandi komandi kynslóðir þarf að huga að því hvað teljist vera „langur tími“ í þessu samhengi. Þegar kemur að náttúrunni og þróun hennar er ljóst að ákvarðanir teknar með langtímasjónarmið í huga verða að taka tillit til allmargra næstu kynslóða. Miklar líkur eru á því að við, sem nú lifum á Íslandi, sjáum ekki fyllilega fyrir hagsmuni komandi kynslóða. Hagsmunir Íslendinga eftir 30, 50, 100 eða jafnvel 200 ár verða að öllum líkindum mjög ólíkir þeim sem við höfum í dag, og jafnframt ólíkir hagsmunum þeirra sem komu á undan okkur. Það gerir það enn mikilvægara að taka ákvarðanir með langtímasjónarmið í huga og með tilliti til náttúrunnar og *fram tíðarkynslóða*. Að mati U-listans er virkjun Þjórsár neðan Búrfells hvergi nærri í samræmi við þessi langtímasjónarmið, né heldur hagsmuni komandi kynslóða. *Til þess að raunhæft sé að meta slíkt þarf að liggja fyrir hver tilgangur virkjunarinnar er og í hvað skuli nota þá orku sem svo nauðsynleg er að mati Landsvirkjunar.*

U-listinn vill minna á að virkjun er óafturkræf og endanleg niðurstaða, öfugt við ákvörðun um að virkja ekki. Með því að heimila ekki Hvammsvirkjun er því verið að viðhalda óbreyttu ástandi án þess að taka óafturkræfa ákvörðun. Þessa ákvörðun má endurskoða ef brýna nauðsyn ber til í framtíðinni. Hins vegar er virkjun endanleg ákvörðun, þar sem hún lokar möguleikum komandi kynslóða á að taka ákvörðun um þann virkjunarkost. Hér útilokar annar kosturinn hinn en ekki öfugt, virkjun útilokar sjálfbæra nýtingu til framtíðar í sátt við náttúru og umhverfi.


Hugtakið „langtímasjónarmið“ í rammaáætlun er því merkingarlaust þegar kemur að Hvammsvirkjun, eins og margir hafa bent á. Ef við viljum taka raunverulegt tillit til langtímasjónarmiða og hagsmuna komandi kynslóða, eins og lögin mæla fyrir um, þá verðum við að sætta okkur við eftirfarandi staðreynd: Þjórsá án virkjunar gefur komandi kynslóðum valfrelsi, en virkjun skerðir það til frambúðar.

4. Lög um stjórn vatnamála

Með lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011 er innleiða vatnatilskipun Evrópusambandsins Í lagaumhverfi Íslands. Í 1.gr. laganna segir:

Markmið laga þessara er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Í lögunum er fjallað um vatnshlot, en þau eru samkvæmt lögunum einingar vatns, til dæmis allt vatn í stöðuvatni, á eða strandsjó. Hver eining byggir á að í hverju vatnshloti sé heildstætt vistkerfi. Í tilfalli Hvammsvirkjunar liggur framkvæmdasvæði virkjunarinnar í



Mynd 6 – Vatnshlotið Þjórsá 1 nr. 103-663-R

vatnshlotinu Þjórsá 1 nr. 103-663-R, sem er hér um bil allur farvegur Þjórsár neðan Búrfellsvirkjunar að ósi (mynd 6).

Samkvæmt skýrslu Umhverfisstofnunar frá 2020 er vatnshlotið Þjórsá 1 ekki mikið breytt vatnshlot, sem þýðir að það er ekki talið hafa orðið fyrir verulegum breytingum af manna völdum, þrátt fyrir efri virkjanir í Þjórsá sem breytt hafa framburði fljótsins og jafnað rennslissveiflur með miðlunarlónum. Í upphaflegu mati sérfræðinga í vatnamálum er áin skilgreind í **góðu** vistfræðilegu ástandi. Því er hins vegar breytt í **mjög gott** vistfræðilegt ástand með breytingum á aðferðarfræðilegri nálgun með skýrslu 2023 sem má telja undarlegt miðað við þau inngríp mannsins sem nú þegar hafa átt sér stað ofar á vatnasviði árinna.



Mynd 7 – Yfirlitskort af fyrirhuguðu lónstæði Hagalóns. Litirnir tákna uppskiptingu vatnshlots Þjórsár neðan Búrfells vegna Hvammsvirkjunar

Í desember 2022 gaf Orkustofnun út virkjunarleyfi til handa Landsvirkjun fyrir Hvammsvirkjun. Í því leyfi var ekki litið til þess á fullnægjandi hátt hvort virkjunin stæðist lög um stjórn vatnamála og var leyfið ógilt af úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála sumarið 2023 með úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála (ÚUA) í máli nr. 3/2023. Skorti þar á heimild til breytingar á vatnshlotinu. Þegar í desember 2022 höfðu Hafrannsóknarstofnun, Veðurstofa Íslands og Náttúrufræðistofnun gefið út skýrslu sem kvað á um að slíka heimild þyrfti til að byggja virkjunina þar sem Þjórsá 1 yrði skipt upp í nokkur ný vatnshlot (mynd 7). Eftir að ÚUA ógilti virkjunarleyfi Orkustofnunar ógilti hún einnig framkvæmdaleyfi Skeiða- og Gnúpverjahrepps í máli nr. 74/2023.

Þótt virkjunarleyfi Orkustofnunar hafði verið ógilt hafði Landsvirkjun þá þegar hafið undirbúning að umsókn til Umhverfisstofnunar um heimild til að fá að breyta vatnshlotinu með Hvammsvirkjun og sótti fyrirtækið formlega um heimildina í febrúar. Meðferð þess máls tók nálega allt árið 2023 en í desember það ár tilkynnti Umhverfisstofnun að hún hygðist veita Landsvirkjun undanþáguheimild frá bindandi umhverfismarkmiðum laga um stjórn vatnamála til að breyta vatnshloti Þjórsár 1 með byggingu Hvammsvirkjunar. Umhverfisstofnun gaf loks út heimildina í apríl 2024 þrátt fyrir fjölda umsagna og andmæla samtaka, veiðifélaga og landeigenda við Þjórsá. Óljóst er hvort málsmeðferð Umhverfisstofnunar við útgáfu heimildarinnar standist lög.

Til að gefa megi út heimild til að breyta vatnshloti þarf að fara eftir ákvæðum 18. gr. laga um stjórn vatnamála þar sem segir um breytingu vatnshlots að mæta þurfi ákveðnum skilyrðum, bæði hvað varðar eðli þeirra breytinga sem myndu hafa þær afleiðingar í för með sér að umhverfismarkmið laganna næðust ekki, en auk þess eftirfarandi skilyrði:

- a. Að gripið sé til allra ráðstafana sem raunhæfar teljast til að draga úr skaðlegum áhrifum á ástand vatnshlots,

- b. Að tilgangur framkvæmdanna eða umsvifanna vega þyngra vegna almannaheilla og/eða ávinnings fyrir heilsu og öryggi manna eða fyrir sjálfbæra þróun en ávinningur af því að umhverfismarkmið náist,
- c. Að tilgangi framkvæmdanna eða umsvifanna verður ekki með góðu móti náð með umhverfisvænni leiðum vegna tæknilegra erfiðleika eða óhóflegs kostnaðar.

Um uppfyllingu þessara skilyrða auk annarra atriða sem varða Hvammsvirkjun stendur nú yfir dómsmál landeigenda við Þjórsá og telur U-listinn, utan annarra annmarka á byggingu Hvammsvirkjunar, að ekki gangi að veita framkvæmdaleyfi fyrir Hvammsvirkjun fyrr en komist hefur á hreint að framkvæmdin standist yfir höfuð lög um stjórn vatnamála.

Óljóst er með öllu hvort nokkurt ofangreindra skilyrða sé uppfyllt. Ekki verður séð að gripið muni verða til allra raunhæfra ráðstafana til að lágmarka skaðleg áhrif virkjunarframkvæmdarinnar á vatnshlotið Þjórsá 1. Ekki hefur verið sýnt fram á að tilgangur framkvæmdanna og almannahagsmunir vegi á nokkurn hátt þyngra en hagur náttúrunnar, þ.e. að umhverfismarkmið náist. Tilgangur framkvæmdanna er óljós og fjölmargar aðrar leiðir færar til að uppfylla meint markmið virkjunarinnar um að afla orku fyrir orkuskipti, auk þess sem óljóst er hvort það sé yfir höfuð raunverulegur tilgangur virkjunarinnar.

5. Meginreglur náttúruverndarlaga

Allar meginreglur náttúruverndarlaga, um vísindalegan grundvöll ákvarðana, varúðarreglan, reglan um mat á heildarálagi og greiðslubótareglan eiga við í málinu á öllum stigum þess, bæði í aðdraganda framkvæmdaleyfisins sem og við undirbúning þess og veitingu af hálfu sveitarfélagsins, skv. 7. gr. laga nr. 60/2013. Ekki verður annað séð en að við undirbúning Hvammsvirkjunar hafi verulega borið á því að gengið hafi verið gegn meginreglum

náttúruverndarlaga. Vísindalegur grundvöllur ákvarðana hvað varðar mat á grunnástandi lífríkis er fyrir borð borinn, varúðarreglan hvað varðar afkomu laxfiska í Þjórsá og aðra þætti lífríkisins er brotin, mat á heildarálagi er ekki framkvæmt hvað varðar samverkandi áhrif við aðra virkjunarkosti eða veitur ofar í ánni og greiðslubótarreglan er ekki tekin til athugunar.

Landsvirkjun hefur ekki skýrt hvað hún ætlar sér með neðri hluta Þjórsár, fyrir utan framkvæmdahugmyndina sem deilt er um. Óljóst er hvort fyrirtækið ætli sér að virkja neðar í ánni við Holt og Urriðafoss, sem komu áður fram í ákvörðun Skipulagsstofnunar árið 2001 (mynd 8).



Mynd 8 – Yfirlitskort af virkjanakostum í neðri hluta Þjórsár

Á hinn bóginn hefur Norðlingaölduveita (einnig nefnd Kjalölduveita) aftur komið fram í áætlunum Landsvirkjunar, samkvæmt ákvörðun Alþingis í júní 2022. Hún gæti unnið saman með Hvammsvirkjun og haft áhrif á lágmarksrennsli á sumrin, samkvæmt skýrslu frá apríl 2003. Ef Landsvirkjun mun fara í virkjanir í Þjórsá neðan Hvammsvirkjunar verður að horfa til þess heildarálags sem vistkerfi árinna verður fyrir með öllum þremur virkjununum. Það er ekki gert í tilfalli Hvammsvirkjunar.

6. Um áhrif Hvammsvirkjunar á laxfiska í Þjórsá

Laxastofninn í Þjórsá er sá stærsti á Íslandi og einn sá stærsti í Norður-Atlantshafi. Þetta er merkilegur stofn sem hefur aðlagast aðstæðum sínum í þúsundir ára.

Hvammsvirkjun mun hafa neikvæð áhrif á sjógöngufiska í Þjórsá og hliðarám hennar. Hrygningarsvæði munu rýrna, og fæðuframboð fyrir seiði og fiska verður skert. Þetta kemur skýrt fram í álitum, umsögnum og afgreiðslum þeirra aðila sem hafa fjallað um málið. Við afgreiðslu Hvammsvirkjunar í rammaáætlun var hvað varðar laxfiska gengið út frá því að útbreiðsla göngufiska í Þjórsá væri á einhvern hátt ekki náttúruleg fyrir ofan Búða vegna inngripa mannsins, þar sem fiskistigi hafi verið gerður þar árið 1991. Því væri ásættanlegt að taka áhættu af því að virkja þar fyrir ofan þrátt fyrir afar óljósar mótvægisáðgerðir og virkni þeirra. Það kemur fram að svæðið ofan Búða sé áætlað vera „um 48% af útbreiðslu laxa í Þjórsárkerfinu og um 10% af framleiðslusvæði fyrir laxa“. Þessar tölur hafa hækkað síðan 2015. Af þessu er ljóst að mikilvægi virkjunarsvæðis Hvammsvirkjunar og farvegjar Þjórsár þar ofan við er afar mikið fyrir heildarstofn Atlantshafslaxins í Þjórsá.

Helstu áhættuþættir fyrir laxinn í Þjórsá vegna Hvammsvirkjunar eru breytingar á rennsli, hindranir á gönguleiðum sjógöngufiska og seiða, stærð lónsins sem hefur áhrif á niðurgöngu seiða og

fæðuframboð, minnkaður rennslishraði vatnsins og mokstur jarðefna úr botni lónsins.

Allt frá árinu 2011 hafa náttúruverndarsamtök ráðfært sig við dr. Margaret Filardo en hún starfaði í yfir þrjátíu ár við stofnunina Fish Passage Center í Oregonríki í Bandaríkjunum sem sérfræðingur í áhrifum mannvirkja á göngufiska. Starf hennar sneri að endurheimt laxastofna í Kólumbíufljóti með það að markmiði að gera þá sjálfbæra á ný, eins og þeir voru áður en vatnsaflsvirkjanir tóku yfir ána. Þrátt fyrir fjölmargar tæknilausnir og gríðarlegan kostnað, um þrjú þúsund milljarða íslenskra króna (20 milljarða dollara) frá árinu 1980, er laxinn enn í útrýmingarhættu. Í raun virðist eina raunhæfa lausnin vera að fjarlægja stíflur til að vernda laxastofnana og líffræðilegan fjölbreytileika svæðisins.

Dr. Filardo spurði í grein sem birtist á Vísi sumarið 2023 hvernig Landsvirkjun hygðist byggja Hvammsvirkjun án þess að skaða fiskistofna í Þjórsá. Hún taldi það með öllu ómögulegt. Hennar reynsla vegur þungt þegar kemur að áformum um virkjanir á fiskgengum svæðum Þjórsár.

Íslenskir laxastofnar eru nyrst í útbreiðslu Atlantshafslaxins og hafa aðlagast sérkennilegri jarðfræði landsins. Þeir eru líklega ekki einangraðir heldur tengjast með flakki milli svæða og fallvatna. Laxastofn Þjórsár er sá stærsti á Íslandi, og ógnir við hann gætu því einnig haft áhrif á aðra laxastofna á landinu og dregið úr viðnámi þeirra gegn loftslagsbreytingum. Að auki gæti álag á Þjórsárstofninn ógnað Atlantshafslaxi utan Íslands.

Dr. Filardo benti á að á seinni hluta 20. aldar hafi uppbygging vatnsaflsvirkjana aukist mjög hratt áður en menn gerðu sér grein fyrir skaðlegum áhrifum virkjananna sem eru nú vel þekkt. Áhyggjur vegna Hvammsvirkjunar snúast ekki bara um laxastofn Þjórsár heldur einnig um vistkerfi og líffræðilega fjölbreytni svæðisins. Þessi áform þarf því að endurskoða vandlega vegna áhættunnar sem þau skapa fyrir þessa mikilvægu stofna.

Álit Margaret Filardo frá 2023 má finna hér í heild sinni:

<https://nasf.is/wp-content/uploads/2023/06/Letter-regarding-Hvammur-Icelandic-translation.pdf>

7. Ófullnægjandi mótvægisáðgerðir vegna lífríkis

Áhrif virkjunar á laxfiska og annað lífríki Þjórsár neðan Búrfells er ótvírætt. Landsvirkjun hefur lagt fram ýmsar áætlanir um mótvægisáðgerðir gegn áhrifum á fiskistofna árinna, sem breyst hafa í áranna rás, en óvissa um árangur þeirra er mikil og viðurkennd af bæði Landsvirkjun sem og leyfisveitendum. Sést það best á því að skilyrði eru gerð um framlagningu neyðaráætlunar af hálfu Landsvirkjunar en slík neyðaráætlun hefur enn hvergi birst opinberlega og óvíst er hvort hún sé yfir höfuð til.

Í úrskurði Skipulagsstofnunar frá 2003 er eitt skilyrða að áætlun um neyðaraðgerðir verði til staðar ef mótvægisáðgerðir bregðast. Áform Landsvirkjunar um neyðaraðgerðir hafa sem fyrr segir ekki enn komið fram á þeim 19 árum sem liðin eru frá úrskurði Skipulagsstofnunar þótt neyðaráætlun hafi verið eitt skilyrða. Þetta er ljóst af ákvörðun Fiskistofu frá 14. júlí 2022. Rúmlega þriðjungur stofns Þjórsárlaxins byggir afkomu sína á hrygningarsvæði ofan Búða. Bregðist mótvægisáðgerðir er tími til aðgerða skammur og eru líkur á að fiskistofni Þjórsár á virkjunarsvæði Hvammsvirkjunar muni hnigna hratt verði af virkjunarframkvæmdum án þess að mótvægisáðgerðir virki. Framlagning neyðaráætlunar er því óskoraður hluti framkvæmdarinnar áður en til hennar kemur og áður en leyfi fyrir framkvæmdinni ættu að vera veitt af hálfu leyfisveitenda, þar á meðal sveitarfélaganna.

Sem fyrr segir hefur mat á áhrifum Hvammsvirkjunar á lífríki Þjórsár ekki farið fram eða verið endurtekið síðan umhverfismat var unnið fyrir rúmum 20 árum. Mat á grunnástandi lífríkisins er úppfært og afar mikil óvissa ríkir um virkni mótvægisáðgerða, sem erlendir sérfræðingar í samspili afkomu laxfiska og virkjunarmannvirkja telja

ótvírætt að muni stofna laxfiskum Þjórsár í hættu. Töluvert liggur fyrir af gögnum um árangur mótvægisaðgerða erlendis sem miða að því að vernda fiskistofna í tengslum við vatnsaflsvirkjanir, og niðurstöður sýna að þessar aðgerðir ná sjaldan að viðhalda náttúrulegri hrygningu og sjálfbærni laxastofna. Rannsóknir á virkni mótvægisaðgerða í Kólumbíufljóti og öðrum vatnakerfum sem dr. Margaret Filardo hefur staðið fyrir benda til þess að árangur þeirra sé afar takmarkaður og nægi ekki til að viðhalda stofnum laxfiska án þess að þeir hrynji. Miðað við þá reynslu er ástæða til að vera varkár gagnvart bjartsýnum ályktunum Landsvirkjunar um árangur þeirra mótvægisaðgerða sem fyrirhugaðar eru í tilviki Hvammsvirkjunar.

Dr. Filardo bendir á að sú fyrirmynd sem Landsvirkjun hefur litið til við hönnunar á fyrirhugaðri seiðafleytu Hvammsvirkjunar (og einnig Urriðafossvirkjunar) sé virkjun allt annars eðlis heldur en virkjana í neðri hluta Þjórsár. Þá bendir hún á að staðsetning útfalls seiðaveitunnar og rennslishættir muni hafa mikil áhrif á afföll seiða sem um seiðaveituna fara. Þannig bendir hún á að rannsóknir Landsvirkjunar taki ekkert tillit til óbeinna affalla, þ.e. seinni tíma affalla (e. delayed mortality) sem verða ekki beint við virkjunina sjálfa heldur síðar á lífsferli seiðanna sem um virkjun og seiðafleytuna fara. Mælingar á afkomu fisks rétt við virkjunina er þannig mikið vanmat á afföllum vegna virkjunarinnar. Þættir sem taldir eru hafa áhrif á seinni tíma afföll eru t.a.m. töf á að seiði nái til sjávar, afrán fugla og annarra dýra, lífshættulegir áverkar og streita vegna niðurfara um seiðafleytu, hverfla virkjunarinnar eða yfirföll, auk örmögnunar vegna hins lengda niðurgöngutíma.

Dr. Margaret Filardo hefur við athuganir sínar á ætluðum mótvægisaðgerðum Landsvirkjunar tekið saman helstu atriði sem hún hefur við fyrirætlanirnar að athuga:

- Ólíklegt er að fyrirbyggjandi tillaga um seiðaveitu myndi tryggja þá afkomu seiða sem áætlanir gera ráð fyrir. Seiðaveita mun ekki koma í veg fyrir hnignun fiskistofna Þjórsár.

- Ályktanir sem dregnar eru af öðrum stíflum um ætlaðan árangur seiðaveitu við Hvammsvirkjun eiga ekki við. Ekki er hægt að sjá fyrir atferli fiska.
- Greiningarnar taka ekki til allra fisktegunda Þjórsár og ekki er tekið tillit til mismunandi lífsferils fiska (e. iteroparity, ísl. endurtekin hrygning).
- Hugsanleg áhrif loftslagsbreytinga á svæðinu eru ekki tekin með í reikninginn. Breytingar á hitastigi, sem leiða til breytinga á rennslisháttum, gætu haft djúpstæð áhrif samfara hlýnun sjávar.
- Framlögð tillaga um að seiðaveita sé höfð opin í um einn mánuð ár hvert til að aðstoða seiði við niðurgöngu er líklega ófullnægjandi til þess að viðhalda viðhlítandi erfðafræðilegum fjölbreytileika fiskistofna. Erfðafræðileg fjölbreytni er forsenda þess að fiskistofn standi af sér álag vegna umhverfisbreytinga.
- Við mat á afkomu laxastofnsins hefur ekki verið tekið tillit til þeirra áhrifa sem mjög grunnt vatn á þriggja kílómetra löngum kafla í náttúrulegum farvegi Þjórsár neðan við stíflu Hvammsvirkjunar myndi hafa á laxaseiði.
- För laxaseiða um stíflumannvirki getur leitt til álags sem veldur ótímabærum dauða síðar á lífsferlinum (e. delayed mortality).
- Stíflur og virkjunarlón lengja þann tíma sem það tekur gönguseiði að ná til sjávar.
- Lífslíkur í sjó skipta miklu fyrir afkomu laxastofna en segja þó ekki alla söguna.
- Hnignun fiskistofna í Þjórsá varðar ekki einungis Þjórsá sjálfa. Heildaráhrif á líffræðilegan fjölbreytileika svæðisins eru virt að vettugi.

8. Umhverfiskostnaður virkjanaframkvæmda

Síðan umhverfismat Hvammsvirkjunar fór fram hefur verið þróuð aðferð til að meta umhverfiskostnað virkjana. Í mars 2021 var gefin út handbók sem útskýrir þessa aðferð, og var Urriðafossvirkjun tekin til skoðunar sem dæmi. Niðurstöður sýndu að umhverfiskostnaður var mjög hár í samanburði við framkvæmdakostnað, eða um 40%. Í matinu var framkvæmdakostnaður áætlaður 50 milljarðar króna, en umhverfiskostnaðurinn 30 milljarðar. Með gildistöku náttúruverndarlaga árið 2015 var hin svokallaða greiðslubótaregla lögfest, sem hefur síðan verið grundvallarregla við ákvarðanatöku á stjórnarsýslustigi samkvæmt náttúruverndarlögum, sjá 11. sbr. 7. gr. laga nr. 60/2013.


Stjórnvöld verða að taka mið af þessari reglu við allar sínar ákvarðanatökur sem hafa áhrif á náttúruna. Með útgáfu leyfa vegna Hvammsvirkjunar, þ.m.t. framkvæmdaleyfis, verður ekki litið framhjá umhverfiskostnaði sem ekki hefur verið metinn. Landsvirkjun verður að bera umhverfiskostnaðinn af framkvæmdinni en ekki má leggja hann á almenning.

9. Sérstök vernd eldhrauna í náttúruverndarlögum

Gosmyndanir frá nútíma eru fágætar á heimsvísu og njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Myndanirnar eru oft með viðkvæmt yfirborð sem raskast auðveldlega við álag. Meðal þeirra eru nútímahraun eða svo kölluð eldhraun.

Á framkvæmdasvæði Hvammsvirkjunar rennur Þjórsá um hið svonefnda Þjórsárhraun hið mikla (mynd 9, kort af Þjórsárhrauninu). Það er talið vera umfangsmesta hraun sem runnið hefur í sprungugosi á jörðinni frá lokum síðasta jökulskeiðs og hefur verið rannsakað frá fyrstu árum jarðfræðirannsókna á Íslandi, m.a. af jarðfræðingnum Guðmundi Kjartanssyni á fyrri hluta 20. aldar.



Mynd 9 – Kort Guðmundar Kjartanssonar af Þjórsárhrauninu mikla, sem er rauðlitað þar sem það sést á yfirborði

Hraunið á uppruna sinn á Veiðivatnasvæðinu en nær til sjávar við Eyrarbakka og Stokkseyri. Eldstöðvarnar sem það á upptök sín hafa ekki fundist svo óyggjandi sé og eru að öllum líkindum horfnar að mestu eða alfarið undir yngri gosmyndanir. Ofan Búrfells er Þjórsárhraunið hulið yngri hraunum, en neðar á Skeiðum og í Flóa er það að mestu hulið þykkum jarðvegi, þar sem einkenni þess og form sjást lítið eða alls ekki. Þeir hlutar þar sem yfirborð hraunsins er sýnilegt eru því sérstaklega verðmætir, enda njóta ásýnd, form og rannsóknargildi þess sín best þar. Einna skýrast má sjá yfirborð Þjórsárhraunsins í farvegi Þjórsár, milli Búrfells og Árness, þar á meðal á því svæði sem gert er ráð fyrir framkvæmdum vegna Hvammsvirkjunar.

Í matsskýrslu er aðeins fjallað um það rask sem virkjunarframkvæmdir valda á afmörkuðum hluta Þjórsárhraunsins, þar sem lónið og mannvirkin verða staðsett, en horft fram hjá heildstæðu landslagi sem Þjórsá og Þjórsárhraunið mynda í farvegi árinna á öllu framkvæmdasvæðinu. Á þessu svæði finnast sérstakar hraunmyndanir og einstök umgjörð við ána, sem verður

einnig fyrir áhrifum. Virkjunin mun breyta því samspili sem nú er milli Þjórsár og hraunsins á um þriggja kílómetra kafla, þar sem hluti farvegarins neðan stíflu og ofan frárennslisskurðar mun þorna upp. Við það raskast landslagsheildin þar sem áin og hraunið mynda nú órjúfanlega heild.

Til viðbótar er í mótvægisáðgerðum gert ráð fyrir að fleyga eða sprengja þurfi botn farvegarins til að dýpka hann og bæta fiskgengd. Slíkar áðgerðir eru óafturkræfar og fela í sér verulegt rask á Þjórsárhrauninu. Útfærslur þessara áðgerða eru hvorki ákveðnar né útskýrðar í matsskýrslunni.

Svæðið þar sem hraunið umlykur Þjórsá er talið sérlega fagurt, sérstaklega við Minna-Núpsflúðir. Þar er landslagið ekki aðeins mótað af náttúrupáttum, svo sem rennandi vatni og berggrunni, heldur einnig af menningu og búsetusögu. Áin hefur í aldanna rás haft mikilvægt hlutverk í lífi íbúa svæðisins, sem meðal annars hafa nýtt niður Þjórsár við flúðirnar til að spá fyrir um þurrkatíð þegar breytingar verða á veðri.

Fullyrðingar um Þjórsárhraunið mikla í umhverfismati Hvammsvirkjunar gefa ófullnægjandi mynd af verndargildi þess á sjálfu framkvæmdasvæði virkjunarinnar. Vísað er til rasks á hrauninu neðar í landinu, sem er eðlilega mikið enda stærsta hraunflæmi landsins, en litið fram hjá því að á svæði Hvammsvirkjunar er Þjórsárhraun óraskað með öllu og verndargildi þess því hátt þar. Hraunið færir undir lón, stíflu og önnur mannvirki og umgjörð þess umturnað. Sýnileiki þess á yfirborði eykur verndargildi þess og fullyrðingar í matsskýrslu um að framkvæmdir hafi lítil áhrif á verndargildið eru ekki studdar gögnum. Við veitingu framkvæmdaleyfis verður því ekki undan því vikist að líta sérstaklega til verndargildis Þjórsárhraunsins sem er í ljósi jarðsögu þess hátt á heimsvísu.

Samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 njóta eldhraun sérstakrar verndar og forðast ber að raska þeim nema mjög ríkir og

fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir krefjast. Ekki hefur enn verið sýnt fram á raunverulega almannahagsmuni við veitingu framkvæmdaleyfis vegna byggingar Hvammsvirkjunar.

10. Samfélagsleg áhrif og ferðapjónusta

Mat á samfélagslegum áhrifum Hvammsvirkjunar hefur verið í skötulíki. Ljóst er að virkjanirnar í neðri hluta Þjórsár munu valda varanlegri skerðingu á lífsgæðum íbúa, ferðamanna og sumarhúsaeygenda í nágrenni virkjunarinnar. Þetta felst meðal annars í þurru farvegi árinna nálægt byggð, mögulegu leirfoki úr lónum og farvegi, sem og breyttri ásýnd farvegjar Þjórsár neðan stíflu. Um áhrif landslagsbreytinga segir í álitum Skipulagsstofnunar frá því í mars 2018:

Skipulagsstofnun telur að áhrif virkjunarinnar á landslag verði verulega neikvæð í ljósi þess að umfangsmiklu svæði verður raskað og mjög margir verða fyrir neikvæðum áhrifum vegna ásýndar og yfirbragðsbreytinga auk þess sem áhrif af virkjuninni verða varanleg og óafturkræf. [...] Auk sjónrænna áhrifa framkvæmdanna á landslag munu þær einnig hafa áhrif á upplifun þeirra sem stunda útivist á svæðinu þar sem árnidur í straumþungu fljóti viku fyrir lóni og vatnslitlum farvegi á kafla neðan stíflu. Ásýnd umfangsmikils svæðis kemur til með að breytast í heild og mun einkennast að mannvirkjum Hvammsvirkjunar sem munu sjást víða að en einkum í mikilli nálægð frá veginum upp í Þjórsárdal, sem er ein aðalleið upp á hálendið, og heimilum íbúa og sumarhúsum í grennd við fyrirhugaðar framkvæmdir.

Ofangreindum neikvæðum áhrifum virkjunar verður ekki mætt með nokkrum mótvægisáðgerðum enda ómögulegt (sjá myndir 10a og 10b, lónstæði fyrir og eftir virkjun).



Mynd 10a – Lónstæði Hagalóns fyrir virkjun



Mynd 10b – Lónstæði Hagalóns eftir virkjun

Að auki hafa virkjanaáformin þegar valdið verulegum skaða á samfélaginu við Þjórsá, sem hefur klotnað vegna ágangs Landsvirkjunar. Þetta kemur skýrt fram í umsögn Ungsólar við rammaáætlun frá því í apríl 2017:

Samfélagið hefur í áraraðir fundið fyrir áhrifum þess að vera undir járnhæl óvissu sem fylgir því að hafa þetta mál hangandi yfir sér. Mál af þessum toga valda miklu álagi á jafn lítið samfélag eins og Skeiða- og Gnúpverjahreppur er. Við höfum nú þegar fundið fyrir þessum áhrifum eftir áratuga þóf um virkjanir í Þjórsá.

Klofningur samfélaga í tengslum við virkjanaframkvæmdir er því miður ekki einsdæmi og hefur verið mikið til umræðu vegna virkjana eins og Hvalár-, Svartár- og Einbúavirkjunar. Í þeim tilfellum hafa einkaaðilar staðið að baki framkvæmdunum, en í Þjórsá er það Landsvirkjun, stærsta orkufyrirtæki landsins, sem hefur beitt miklum krafti og sett gríðarlega og óvægna pressu á samfélagið.

U-listinn telur furðu sæta hvernig staðið er að samráði við almenning um Hvammsvirkjun. Út frá reynslu fjölmargra virðist umsagnarferlið aðeins vera formsatriði þar sem ekki er tekið efnislega á umsögnum né brugðist við þeim með fullnægjandi hætti, ef nokkrum. Samráð við almenning er afar mikilvægur þáttur í lýðræðislegu samfélagi og til að tryggja gagnsæi stjórnsýslunnar en því er áfátt í tilviki Hvammsvirkjunar og það er afar gagnrýnivert og alvarlegt. Samráðsleysið og hunsun á athugasemdum íbúa vekur upp spurningar um raunverulegan tilgang og gildi samráðs við almenning.

Hvorki sveitarfélagið né aðrar stjórnsýslustofnanir svo sem Orkustofnun hafa litið til fjölmargra athugasemda sem komið hafa fram og snúa að samfélagslegum áhrifum Hvammsvirkjunar. Samfélagsleg áhrif eru umhverfisáhrif í skilningi umhverfismatslöggjafar og leyfisveitendum ber að taka afstöðu til niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar á samfélagslegum áhrifum.

Varðandi ferðaþjónustu kemur í áliti Skipulagsstofnunar frá eftirfarandi fram:

Að mati Skipulagsstofnunar er Hvammsvirkjun líkleg til að hafa neikvæð áhrif á útivist og ferðaþjónustu vegna þeirra óhjákvæmilegu breytinga sem munu verða á upplifun ferðamanna af svæðinu. Í dag er áhrifasvæðið landbúnaðarhérað en með tilkomu fyrirhugaðrar virkjunar mun það fá annað yfirbragð sem kemur til með að einkennast að umfangsmiklum mannvirkjum Hvammsvirkjunar sem munu sjást víða að en einkum í mikilli nálægð frá veginum upp í Þjórsárdal og heimilum íbúa og sumarhúsum í grennd við fyrirhugaðar framkvæmdir. Þessi áhrif á upplifun verða þannig bæði á þá ferðamenn sem eru á leið um svæðið til annarra áfangastaða, m.a. liggur ein aðalleið upp á hálendið um áhrifasvæði fyrirhugaðrar virkjunar, sem og á þá sem koma til með að dveljast á svæðinu til útivistar.

Komið hefur fram í umræðu um Hvammsvirkjun að efnahagsleg áhrif hennar séu neikvæð fyrir sveitarfélagið og samfélagslegur ávinningur lítill sem enginn.

Mikil uppbygging í ferðaþjónustu hefur verið á svæðinu undanfarin misseri, m.a. í Þjórsárdal þar sem hafin er bygging hótels á vegum félagsins Rauðukamba (Fjallaböðin í Þjórsárdal), auk þess sem Þjórsárdalur var friðlýstur sem landslagsverndarsvæði 2020 vegna fagurfræðilegs og menningarlegs gildi hans og sérkenna landslagsins (sjá t.d. mynd 11 af Gjánni í Þjórsárdal) og sveitarfélagið er við helstu ferðamannaleið upp á miðhálendið.

Áhrif virkjanaframkvæmdanna á ferðaþjónustu í sveitarfélaginu eru óljós og hafa aldrei verið rannsökuð. Umhverfismat vegna ferðaþjónustu var endurskoðað fyrir tæpum tíu árum en aðstæður í ferðaþjónustu breytast hratt og því þarf að stíga varlega til jarðar hvað varðar framkvæmdir sem þessar, einkum í ljósi þess að ferðaþjónustan myndi skila miklu meiri efnahagslegum ávinningi



Mynd 11 – Gjáin í Þjórsárdal, friðlýst náttúruvætti

fyrir nærsamfélagið heldur en Hvammsvirkjun eins og fram kemur í bókun sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps frá 15. Febrúar 2023 þar sem segir: „Tölulegar staðreyndir sýna fram á það að nærsamfélagið nýtur mjög takmarkaðs ávinnings af orkuframleiðslunni á meðan efnahagslegur ávinningur kemur fram þar sem orkan er nýtt.“

Nýting orkunnar frá Hvammsvirkjun hefur ekki verið tekin til skoðunar af hálfu leyfisveitenda og verður að teljast aðfinnsluvert af hálfu sveitarfélagsins að skoða þann þátt ekki frekar, þrátt fyrir niðurstöðu og bókun sveitarstjórnar um að efnahagslegur ávinningur komi fram þar sem orkan sé nýtt.

Auk ofangreinds yfirlits vísast til bókunar og sérálits Gerðar Stefánsdóttur, fulltrúa U-lista sem lagt var fram á fundi sveitarstjórnar þann 14. júní 2023 þegar fyrra framkvæmdaleyfi Hvammsvirkjunar var afgreitt.